



Ársskýrsla 2010



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn

www.rls.is

www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Umsjón og umbrot: Þórdís Rún Þórisdóttir félagsfræðingur


Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efni, hver um sitt svið

Hönnun forsiðu: Grafika ehf.

Ljósmyndir: Foto.is sf. Júlíus Sigurjónsson o.fl.

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Útgefið: Júlí 2011



Ríkislögreglustjórinn

Ársskýrsla 2010

Rekstur og starfsemi

Efnisyfirlit

Formáli.....	7
Skipulag og rekstur lögreglunnar.....	9
Skipulag lögreglunnar	9
Yfirstjórn	9
Löggæsluáætlun 2007–2011.....	9
Markmið löggæsluáætlunar fyrir árið 2010	10
Brotaflokkar og traust	11
Starfsmenn lögreglunnar	13
Útgjöld til löggæslumála	14
Ríkislögreglustjóri	17
Hlutverk	17
Skipulag og yfirstjórn embættisins.....	17
Markmið.....	18
Eldgos á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.....	21
Rekstrarsvið	23
Rekstur	23
Bílamiðstöð	23
Rekstur ökutækja	25
Tölvudeild.....	27
Löggæsla og öryggi.....	29
Almannavarnadeild	29
Alþjóðadeild	32
Fjarskiptamiðstöð.....	33
Greiningardeild	35
Sérsvait.....	36
Öryggismál	37

Stjórnsýslusvið	39
Afbrotatölfræði	39
Starfsmannamál	39
Úttektir, rannsóknir, forvarnir og samstarf	40
Kennslanefnd, tæknimál og lögregluferfið	43
Fíkniefna – og umferðarlöggæsla	43
Efnahagsbrotadeild og peningaþvættiskrifstofa	45
Leiðbeiningar og reglur	46

EUROPOL



ÖGRETTISSTJÓRINN
IMMUN
ISLANDIC POLICE



Formáli

Ég hef lengi talað fyrir því að sett verði á fót sérstök eining til að fara með mál er varða efnahagsbrot og að hlutverk ýmissa ríkisstofnana á því sviði verði endurskoðað. Við bankahrunið lagði ég til við Björn Bjarnason, þáverandi dómsmálaráðherra, að stofnað yrði sérstakt embætti til að fara með mál sem vörðuðu hrunið. Á fyrsta fundi okkar Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra lagði ég áherslu á að næsta skref yrði að færa verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til sérstaks saksóknara og að hafinn yrði undirbúningur að framtíðarskipan málaflokksins. Nú liggur þetta fyrir.

Verkefni efnahagsbrotadeildar færast til sérstaks saksóknara hinn 1. september nk. Gert er ráð fyrir að samhliða þeirri breytingu verði skipuð nefnd til að endurskoða skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum og gera tillögur að heildarskipulagi til framtíðar. Þessari breytingu samfara færast ákærvald frá ríkislögreglustjóra. Þar með lýkur þýðingarmiklu brautryðjendastarfi embættisins.

Um árabíl hef ég einnig hvatt til þess að skilja tollstjórn og sýslumannsverkefni frá lögreglustjórn. Mikilvæg skref hafa verið stigin í þessa átt og nú liggur fyrir Alþingi frumvarp innanríkisráðherra um aðskilnað sýslumannsverkefna frá lögreglustjórum og fækkun og stækkun lögregluliða.

Jafnframt hef ég lagt á það áherslu að rétt sé að skilja ákærvald frá lögreglustjórn. Við brottflutning ákærvalds frá ríkislögreglustjóra er eðlilegt að sú skipan nái til allra lögreglustjóra landsins og að ákærvaldið verði alfarið á ábyrgð ríkissaksóknara. Sú breyting myndi án efa efla tiltrú almennings á ákærvaldinu og bæta meðferð sakamála.


Júlí 2011

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri



Skipulag og rekstur lögreglunnar

Skipulag lögreglunnar



Yfirstjórn

Samkvæmt 4. gr. lögreglulaga fer ríkislögreglustjóri með málefni lögreglunnar í umboði innanríkisráðherra sem er æðsti yfirmaður hennar. Aðsetur ríkislögreglustjóra er á Skúlagötu 21 og í Skógarhlíð 14 í Reykjavík.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi, og eru umdæmin 15. Þeir annast daglega stjórn og rekstur og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan umdæmisins, sbr. 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga. Auk þess eru þeim falin ýmis önnur verkefni í lögum, svo sem yfirstjórn leitar- og björgunarmála á landi, sbr. 4. mgr. 6. gr. lögreglulaga. Innanríkisráðherra er jafnframt æðsti yfirmaður almannavarna og annast ríkislögreglustjóri málefni almannavarna í umboði hans, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Löggæsluáætlun 2007–2011

Á árinu 2007 var sett fram stefna stjórnvalda í löggæslumálum til næstu fimm ára. Í löggæsluáætluninni koma fram markmið lögreglunnar og eru þau metin á hverju ári út frá þremur meginflokkum: a) markmiðum um fækkun afbrota í tilteknum brotaflokkum, b) markmiðum um bætt þjónustustig og traust almennings á lögreglunni, og c) markmiðum er tengjast innra starfi lögreglunnar. Tilgangur áætlunarinnar er að tryggja að lögreglan, stjórnvöld og almenningur geti greint árangur og það sem betur má fara í starfseminni.

Markmið löggæsluáætlunar fyrir árið 2010

Í löggæsluáætluninni er fjallað sérstaklega um innri starfsemi lögreglunnar og þau verkefni sem hún þarf að sinna til að bæta m.a. starfsumhverfið, búnað og aðferðir sínar. Í löggæsluáætluninni voru tilgreind verkefni sem ljúka átti á árunum 2007-2011. Eftir því sem líður að lokum áætlunarinnar fækkar verkefnum en við gerð hennar var undir lokin skapað svigrúm til að hægt væri að ljúka verkefnum fyrri ára sem í einhverjum tilvikum drógust. Hér að neðan má sjá stutta samantekt um stöðu verkefna sem áætlað var að lyki á árinu 2010.

Miðlægur rekstur hugbúnaðarkerfa lögreglunnar – markmið ársins 2010

Unnið var að verkefninu á árinu og er það enn í vinnslu. Áætluð verklok eru 2011.

Endurskoðun flugverndar-, siglingaverndar- og neyðaráætlana – markmið ársins 2010

Þessu verkefni var lokið að hluta til á árinu 2010 en haldið verður áfram með vinnslu þess á árinu 2011 og þá eru áætluð verklok.

Eldri markmið sem lokið var við á árinu 2010 eða tekin var ákvörðun um að fresta

Einnig er horft til þeirra verkefna sem var lokið á árinu þótt markmiðið hafi verið að ljúka þeim fyrr. Í einhverjum tilvikum var tekin ákvörðun um að fresta verkefnum og er einnig fjallað um þau.

Endurskoðun á starfsmannastefnu lögreglunnar

Ríkislögreglustjóri skipaði starfshóp til að endurskoða starfsmannastefnu lögreglunnar í lok árs 2009. Hópurinn tók til starfa í byrjun árs 2010 og var hlutverk hans að endurskoða starfsmannastefnu lögreglunnar, leggja mat á innihald núverandi stefnu og leggja fram tillögur til breytinga ef þörf væri á. Þessari vinnu miðaði vel á árinu 2010 og er áætlað að henni ljúki 2011.

Rannsókn á tíðni og eðli ofbeldisbrota

Sumarið 2008 hófst samstarfsverkefni milli ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem sneri að rannsókn á heimilisofbeldi. Lokið var við gerð rannsóknarinnar á árinu 2010 og hún gefin út.

Áhættuskoðun í umdæmum

Öll umdæmi hafa verið sótt heim og hafa flest þeirra lokið við skýrslu um verkefnið og sent hana til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Áætlað er að þau umdæmi sem enn eiga eftir að skila inn verkefninu geri það í ársbyrjun 2011.

Kostnaðarbókhald fyrir lögregluna

Vinnu við gerð kostnaðarbókhalds lauk undir lok árs 2010. Innleiðing fer fram á árinu 2011 eftir þörfum einstakra deilda og lögregluembætta.

Þróun upplýsingakerfis utan starfsstöðva fyrir lögreglu

Unnið var að verkefninu á árinu og verður það virkt 2011.

Endurnýjun og fjölgun eftirlitsmyndavéla í miðborg Reykjavíkur í samstarfi við Reykjavíkurborg

Endurnýjun og fjölgun eftirlitsmyndavéla í miðborg Reykjavíkur var samstarfsverkefni borgarinnar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Ekki náðist samstarf milli hlutaðeigandi aðila og því hefur verið hætt við verkefnið.

Efling tækjabúnaðar og fjölgun í sérsveitinni

Vegna fjárhagslegrar stöðu ríkisins og niðurskurðar í fjárlögum til lögreglunnar hefur þessu verkefni verið frestað ótímabundið.

Innleiðing á nýjum vef með gagnvirkum samskiptum við upplýsingakerfi lögreglunnar

Unnið var að verkefninu á árinu og miðaði því ágætlega. Ekki tókst að ljúka við það.

Brotaflokkar og traust

Löggæsluáætlun er í gildi til loka árs 2011. Í henni er kveðið á um að lögreglan muni meta störf sín og árangur út frá því hversu vel hafi tekist til að ná markmiðum um fækkun tiltekinna brota. Að auki hefur Þjóðarpúls Gallups mælt traust til lögreglunnar á undanförunum árum.

Hegningarlagabrotum hefur fjölgað á síðustu árum en þau voru að meðaltali 463, miðað við 10.000 íbúa, á árunum 2007-2009 en 478 á tímabilinu 2008-2010. Þetta jafngildir 3% fjölgun (tafla 1). Auðgunarbrotum fjölgaði um 9% á sama tímabili en innan þeirra hefur fjölgun innbrota og þjófnaða mest áhrif en þeim brotum hefur fjölgað verulega á síðustu árum. Brotum sem falla undir brot gegn líkama og lífi (kynferðisbrot, manndráp og líkamsmeiðingar) fækkaði hins vegar um 6%. Þau voru að meðaltali 52 á fyrra tímabilinu en eru nú 49.

Tafla 1. Brotaflokkar

Brotaflokkar	Svæði	Meðalfjöldi* brota 2007-2009	Markmið 2010	Meðalfjöldi brota 2008-2010
Hegningarlagabrot	Allt landið	463 brot miðað við 10.000 íbúa (meðalfjöldi síðustu þriggja ára)	Fækka um 2% 454	478
Auðgunarbrot	Allt landið	252 brot miðað við 10.000 íbúa (meðalfjöldi síðustu þriggja ára)	Fækka um 2% 247	276
Brot gegn lífi og líkama**	Allt landið	52 brot miðað við 10.000 íbúa (meðalfjöldi síðustu þriggja ára)	Fækka um 2% 51	49

* Tekið er meðaltal síðustu þriggja ára miðað við tíu þúsund íbúa.

**Brot gegn lífi og líkama eru annars vegar kynferðisbrot og hins vegar manndráp og líkamsmeiðingar.

Á undanförunum árum hefur traust almennings til lögreglu mælst mikið. Lögreglan hefur verið sú ríkisstofnun sem notið hefur hvað mests trausts ásamt Háskóla Íslands. Við efnahagshrunið 2008 hrundi traust til ýmissa ríkisstofnana en þó ekki til lögreglunnar. Á árinu 2009 var lögreglan í fyrsta sinn mæld sem sú ríkisstofnun sem naut mests trausts af þeim sem mældar voru en þá báru 80% svarenda mikið traust til lögreglunnar. Á árinu 2010 hækkaði þetta upp í 81% sem var 5% meira en hjá þeirri stofnun sem fylgdi í kjölfarið. Í löggæsluáætlun var traust til lögreglunnar skilgreint sem mælikvarði og er markmiðið með honum að traust sé 80% á hverju ári til ársins 2011. Það markmið hefur náðst á síðustu árum.

Tafla 2. Traust til lögreglunnar (sjá nánar löggæsluáætlun 2007-2011)

Starfsemi	Embætti	Markmið 2010	Niðurstaða 2010*	Markmið 2011
Hlutfall almennings sem ber traust til lögreglunnar	Allt landið	80%	81% almennings bera traust til lögreglunnar	80%

* Gallup gerir könnun á trausti í janúar/febrúar ár hvert. Tekið er mið af könnun sem gerð var í febrúar 2010 og birt í mars sama ár.

Starfsmenn lögreglunnar

Alls var 661 lögreglumaður (sem lokið hefur prófi frá Lögregluskóla ríkisins og afleysingamenn) starfandi þann 1. febrúar 2010. Þar við bætast 68 héraðs-lögreglumenn en engir lögreglunemar voru við nám í Lögregluskólanum í byrjun árs 2010. Töluverð fækkun hefur orðið frá árinu áður en starfandi lögreglumenn á árinu 2009 voru 712 en auk þeirra voru starfandi 78 héraðslögreglumenn og 44 lögreglunemar.

Tafla 3. Fjöldi lögreglumanna 1. febrúar árið 2010 eftir starfsstigum

Umdæmi/embætti	Yfir lögregluþjónn	Aðstoðaryfir lögregluþjónn	Aðalvarðstjóri / Lögreglufultrúi	Varðstjóri / Rannsóknarlögreglum.	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumaður	Afleysingamaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Héraðslögreglumaður	Lögreglunemi	Alls
Akranes	1		1	4		4		10			10
Akureyri	1	1	2	9	1	20		34	5		39
Blönduós	1			3		2		6	6		12
Borgarnes	1		1	3		4		9	9		18
Eskifjörður	1		2	3		9		15	12		27
Húsavík	1			4		6		11	4		15
Hvolsvöllur	1		1	2		6		10	3		13
Höfuðborgarsvæðið	4	11	35	154		104		308			308
Lögregluskólinn	2		6					8			8
Ríkislögreglustjórinn	2	11	27	20		27		87			87
Sauðárkrúkur	1			3		4		8	5		13
Selfoss	1	1	1	9		14		26	1		27
Seyðisfjörður	1		1	3	1	2		8	8		16
Snæfellsnes	1			2		4		7	6		13
Suðurnes	3	6	16	29	2	29		85			85
Vestfirðir	1	1	3	6		8	2	21	9		30
Vestmannaeyjar	1		1	4		2		8			8
Samtals	24	31	97	258	4	245	2	661	68	0	729

Útgjöld til löggæslumála

Á árinu 2010 námu heildarútgjöld til löggæslu rúmlega 7,8 milljörðum króna. Það eru nokkuð svipuð útgjöld og hafa verið til löggæslumála á árunum 2008 og 2009. Hér að neðan má sjá töflu um útgjaldaþróun til löggæslumála eftir umdæmum samkvæmt ríkisreikningi fyrir árin 2008-2010. Almennt er kostnaður yfirstjórna lögregluembætta þar sem sýslumaður er jafnframt lögreglustjóri ekki talinn til útgjalda lögreglunnar þar sem þau eru á öðrum lið í fjárlögum og erfitt er að meta framlag hvers og eins sýslumanns til lögreglustarfsins. Þá aukningu sem kemur fram á útgjöldum til lögreglunnar á Suðurnesjum frá árinu 2008 til ársins 2009 má rekja til þess að kostnaður vegna yfirstjórnar var ekki innifalinn í heildarútgjöldum á árinu 2008. Útgjöld embættanna hafa haldist nokkuð svipuð frá árinu 2009 til ársins 2010. Lögregluembættið á Hvolsvelli fékk auknar fjárveitingar til að standa straum af viðbótarrekstrarkostnaði vegna eldgosanna á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.

Tafla 4. Útgjaldaþróun ríkissjóðs* vegna löggæslu árin 2008, 2009 og 2010

Heiti stofnunar	2008	2009	2010
Lögregluskóli ríkisins	250.888.483	220.359.260	214.324.861
Lögreglustj. á Suðurn. og sýslumaður**	786.013.945	961.149.821	941.337.747
Lögreglustjórinn á Akranesi	113.273.613	118.199.011	112.942.907
Lögreglustjórinn á Akureyri	348.464.910	353.567.973	341.604.636
Lögreglustjórinn á Blönduósi	84.082.336	79.033.732	80.275.570
Lögreglustjórinn á Eskifirði	182.751.287	183.262.193	177.770.468
Lögreglustjórinn á Húsavík	117.036.410	117.351.134	109.304.782
Lögreglustjórinn á Hvolsvelli	109.798.185	113.819.081	126.859.003
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.304.274.488	3.234.406.556	3.249.618.440
Lögreglustjórinn á Sauðárkróki	94.027.562	93.822.771	90.532.839
Lögreglustjórinn á Selfossi	242.539.167	256.461.873	263.194.793
Lögreglustjórinn á Seyðisfirði	113.759.260	113.048.238	103.316.344
Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi	112.113.554	112.038.421	109.604.322
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	223.768.897	226.815.170	223.043.111
Lögreglustjórinn í Borgarnesi	118.998.679	113.045.917	121.918.614
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	104.667.264	108.074.962	112.952.539
Ríkislögreglustjóri***	1.459.654.266	1.432.553.985	1.428.442.602
Samtals	7.766.112.306	7.837.010.098	7.807.043.578


*Tölur um útgjöld til löggæslu eru byggðar á upplýsingum úr ríkisreikningi.

**Kostnaður vegna yfirstjórnar var ekki með í heildarútgjöldum embættisins árið 2008. Útgjöld til yfirstjórnar árið 2008 voru um 240 milljónir kr. Samkvæmt útreikningum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins má áætla að um 75%, eða um 180 milljónir kr., hafi verið vegna löggæslumála en 25% vegna öryggismála á Keflavíkurlflugvelli og vegna tollamála. 1. janúar 2009 fluttust verkefni öryggismála til Keflavíkurlflugvallar ohf. en tollamálin fóru til tollstjórnans í Reykjavík.

***Embætti ríkislögreglustjóra hefur fleiri verkefni með höndum en þau sem teljast til löggæslu, svo sem almannavarnir. Jafnframt stendur embættið straum af ýmissi sameiginlegri þjónustu og verkefnum fyrir öll lögregluumdæmi landsins, svo sem sérsvertu, alþjóðadeild, fjarskiptamiðstöð og tölvumiðstöð. Kostnaður vegna bílamiðstöðvar dreifist á embættin.

Samtals unnu lögreglumenn 661 ársverk á árinu 2010. Miðað við fyrra ár nemur þetta 5% fækkun ársverka milli ára. Ef litið er til ársins 2008 nemur þessi fækkun tæpum 9% en ef farið er aftar í tíma, eða til ársins 2006, nemur hún 11%. Ársverkum fækkaði þar sem embættin hafa oft ekki ráðið í þær stöður sem hafa losnað vegna niðurskurðarkröfu sem þau hafa þurft að mæta af hálfu stjórnvalda.

Með fjölda mánaðarlauna/dagvinnulauna í hverjum mánuði, þar með talið vegna afleysinga, veikinda, lausnarlauna, orlofs, þegar viðkomandi hættir störfum og fleira, fæst yfirlit yfir ársverk í dagvinnu. Með fjölda ársverka er átt við summu þessara verka deilt með 12 mánuðum. Lögreglumönnum fjölgar víða yfir sumartímann, vegna þeirra sem eru í orlofi eða til að mæta auknu álagi.



Mynd 1. Samanburður á ársverkum lögreglumanna 2007-2010.




Ríkislögreglustjóri

Hlutverk

Hlutverk ríkislögreglustjóra er skilgreint í 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Meginhlutverk embættisins er að leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna. Ríkislögreglustjóri fer með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna, í umboði innanríkisráðherra.

Skipulag og yfirstjórn embættisins



Þrjár meginstoðir eru hjá embætti ríkislögreglustjóra: löggæslu- og öryggissvið, stjórnsýslusvið og rekstrarsvið. Undir löggæslu- og öryggissviði embættisins falla alþjóðadeild, sérsveit, greiningardeild, almannavarnadeild og fjarskiptamiðstöð. Undir stjórnsýslusviði falla starfsmannamál, samræming og innra eftirlit, forvarnir og fjölmiðlasamskipti, tölfræði, útgáfumál og þróunarverkefni, tæknimál, rannsóknir efnahagsbrota og lögfræðileg málefni. Undir rekstrarsviði falla fjármál og rekstur, einkennisföt og búnaðarmál, rekstur bílamiðstöðvar, upplýsinga-tæknimál og skrifstofuhald.

Markmið

Meginhlutverk ríkislögreglustjóra er skilgreint í árangursstjórnunarsamningi og felst í því að:

- standa vörð um öryggi borgaranna og leiða lögregluna í landinu,
- fara með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna í landinu í umboði innanríkisráðherra,
- gera tillögu til innanríkisráðherra að löggæsluáætlun og sjá um framkvæmd staðfestrar löggæsluáætlunar.

Markmiðið er að:

- tryggja öruggt samfélag,
- fækka afbrotum, einkum ofbeldis- og fíkniefnatengdum brotum,
- efla þjónustu lögreglunnar svo hún geti brugðist við breytilegum þörfum samfélagsins og einstaklinga,
- styrkja rannsóknir brota, leggja áherslu á að bæta rannsóknir og hraða vinnslu mála,
- efla rannsóknir á sviði umfangsmikilla efnahagsbrota,
- vinna í samstarfi við aðra að því að stemma stigu við síbrotum og vinna markvisst að forvörnum,
- gera ráðstafanir til að auka öryggi og öryggistilfinningu almennings með sýnilegri löggæslu,
- berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi,
- efla þekkingu og hæfni lögreglunnar til þess að gæta almannaöryggis og gera lögreglu hæfari til þess að bregðast við á hættustundu,
- stuðla að nánú samstarfi við nágrannabjóðir á sviði löggæslu.

Meginverkefni greinast í eftirfarandi þætti:

- að tryggja öryggi ríkisins á sviði löggæslu og almannavarna,
- stuðningur við lögregluna í landinu og stjórn lögregluaðgerða þegar aðstæður krefjast þess,
- eftirfylgni með því að markmiðum lögreglu sé náð,
 - miðlun upplýsinga, samskipti og samræming,
 - aðstoð, stjórnun og eftirfylgni,
- löggæsluáætlun,
- þróun verkefna.





Eldgos á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli

Stærsta verkefnið á liðnu ári voru eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Viðbúnaður og viðbrögð við þessum tveimur eldgosum tók drjúgan tíma starfsmanna ríkislögreglustjóra og komu margir að þeirri vinnu. Samhæfingarstöð almanna var starfrækt samfelt í rúmar 11 vikur.

Atburðarásin

Rétt fyrir miðnætti þann 20. mars barst tilkynning til fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra um að eldur væri í Mýrdalsjökli. Á grundvelli upplýsinga sem fengust úr héraði og miðað við þá atburðarás sem verið hafði í gangi í jöklinum var ákveðið að virkja rýmingaráætlun. Um líkt leyti og rýmingu lauk eða litlu fyrir klukkan fjögur um nóttina sendi TF LÍF áreiðanlegar upplýsingar um staðsetningu og umfang eldgossins sem reyndist vera á norðanverðum Fimmvörðuhálsi á ½-1 km langri sprungu. Margir lögðu leið sína til að skoða gosið en því lauk 12. apríl.

Að kvöldi 13. apríl hafði Veðurstofa Íslands samband við bakvakt almanna- deildar og upplýsti að allt benti til þess að gos væri að hefjast undir Eyjafjallajökli. Strax um nóttina var almanna- varnakerfið virkjað til hins ítrasta og rýming hófst í sveitum í nágrenni jökulsins. Eldgosið var mjög kröftugt sprengigos. Fyrstu dagana lagði öskustrók yfir Mýrdalsjökul og varð mikið öskufall í sveitunum þar austan við. Fljótlega gekk hann í norðanátt og féll þá gríðarleg aska í sveitum sunnan jökuls. Höfðu menn miklar áhyggjur af áhrifum öskunnar bæði á menn og dýr.

Öskumökkurinn teygði sig til Evrópu með þeim afleiðingum að víða lagðist flug niður en við það jókst áhugi erlendra fjölmiðla á gosinu. Sett var saman fjölmiðlateymi undir forystu ríkislögreglustjóra með 25 manns úr ráðuneytum, stofnunum og félagasamtökum sem unnu allan sólarhringinn á vöktum og starfræktu m.a. upplýsingamiðstöð fyrir fjölmiðla í Reykjavík og á Hvolsvelli.

Miðlun upplýsinga

Með vísan til 14. greinar laga um almanna- varnir ákvað ríkislögreglustjóri að starfrækja þjónustumiðstöðvar á vegum almanna- varna vegna eldgossins. Haldnir voru fræðslu- og íbúafundir og var metnaður lagður í að miðla upplýsingum til almennings um ástand og horfur í eldgosinu. Íbúunum var veitt áfallahjálp.



Rekstrarsvið

Rekstur

Í árslok 2010 voru 125 starfsmenn hjá embætti ríkislögreglustjóra. Heildarrekstrarkostnaður embættisins var rúmlega 1,4 milljarðar króna á árinu, sem er hækkun um 5 m.kr. frá fyrra ári. Hækkunin var fyrst og fremst á launalið og vegna aðkeyptrar þjónustu. Það skýrist af eldgosunum á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Vegna eldgosanna hækkuðu fjárheimildir embættisins um 54 m.kr. Áfram hefur tekist að draga úr öðrum kostnaði í samræmi við lækandi fjárheimildir.

Tafla 5. Útgjaldaþróun ríkislögreglustjóra árin 2006-2010

Gjaldaliðir	2010	2009	2008	2007	2006
Laun	983.496	956.326	987.858	934.793	753.002
Ferðir og fundir	24.570	34.098	49.807	52.459	49.034
Rekstrarvörur	35.333	54.294	42.097	40.213	26.413
Aðkeypt þjónusta	212.449	202.179	223.070	151.743	105.061
Húsnæði	95.571	103.235	85.543	78.962	85.827
Bifreiðar og vélar	52.320	46.862	41.558	38.842	28.648
Vextir, bætur, skattar	3.069	640	1.123	801	331
Eignakaup	23.300	31.815	18.282	25.990	36.009
Tilfærslur	122	9.745	10.326	9.718	3.532
Rekstrarkostnaður alls	1.430.230	1.439.194	1.459.664	1.333.521	1.087.857
Sértekjur alls	- 111.206	- 124.830	- 129.582	- 72.277	- 24.121
Markaðar tekjur				- 6.454	- 6.044
Gjöld umfram sértekjur	1.319.024	1.314.364	1.330.082	1.254.790	1.057.692


Bílamiðstöð

Bílamiðstöðin annast rekstur ökutækja allra lögregluembættanna í landinu. Verkefni hennar eru m.a. daglegt þjónustuviðhald ökutækja og búnaðar sem felur í sér:

- almenn þrif og forvarnarskoðanir
- að uppfylla öryggiskröfur sem gerðar eru til ökutækja, búnaðar og lögreglugagna
- ákvarðanir um viðgerðir á ökutækjum og búnaði
- sérstakt eftirlit með kostnaði við ökutækin, meðferð og notkun þeirra
- ráðgjöf um sölu, tilfærslur og endurnýjun ökutækja
- að skipuleggja standsetningu nýrra ökutækja og sölumeðferð
- að halda utan um bílaleigubíla í sérverkefnum fyrir lögregluembættin

- að hafa til reiðu aðstöðu við skoðun á meintum brotatækjum fyrir rannsóknardeildir og aðstoða við hana
- að hafa til reiðu aðstöðu til leitar að meintum fíkniefnum í ökutækjum fyrir tollgæslu og lögreglu og aðstoða við hana
- önnur tilfallandi sérverkefni

Markmið bílamiðstöðvarinnar er að nýta sem best það fjármagn sem veitt er til kaupa á ökutækjum og tryggja að lögregluökutæki séu ætíð í fullkomnu ástandi og uppfylli öryggiskröfur. Hjá bílamiðstöðinni eru nú alls um 150 ökutæki og hefur þeim fækkað um 15 frá því í fyrra. Á árinu voru keypt 11 ný ökutæki og þau standsett. Einnig voru önnur níu sem áður voru í rekstrarleigu keypt og rekin áfram innan lögreglunnar. Alls voru því 20 ökutæki, ný og notuð, keypt á árinu 2010. Frá upphafi hefur bílamiðstöðin stuðlað að endurnýjun ökutækja lögreglunnar ásamt búnaði þeirra en markmið hennar hefur verið að lækka meðalaldur ökutækja þannig að þau verði ekki miklu eldri en þriggja ára að meðaltali. Í árslok var meðalaldur þeirra 3,9 ár og er það bein afleiðing af hægari endurnýjun síðustu ára en gert var ráð fyrir.



Mynd 2. Nýkaup – endurnýjun ökutækja lögreglunnar 2006 – 2010.

Við endurnýjun á ökutækjum eiga sér stað ýmsar tilfærslur milli lögregluembættanna þar til óhagkvæmasta tækið hefur verið tekið úr umferð og selt hjá Ríkiskaupum. Með þessum tilfærslum er reynt að nýta að hámarki þá fjárfestingu sem liggur í ökutækjum lögreglunnar.

Rekstur ökutækja

Verulegar breytingar hafa orðið á fjölda ekinna kílómetra. Frá árinu 2006 til 2010 hefur akstur lögreglu dregist saman um 26% eða um tæplega 1.500 þ.km. Þessi samdráttur er einkum tilkominn vegna skertra fjárheimilda auk breytts verklags innan einstakra lögregluliða. Heildarakstur ársins 2010 var 4,2 m.km sem er um 6% minni akstur en árið 2009.

Tafla 6. Akstur á árunum 2006-2010						
Lögregluembætti	2006	2007	2008	2009	2010	Þróun %
Akranes	136.292	146.031	136.463	93.919	71.400	-48%
Akureyri	284.475	349.041	315.348	244.042	211.572	-26%
Blönduós	200.927	190.091	151.909	127.328	105.160	-48%
Borgarnes	237.954	232.073	225.893	112.196	127.322	-46%
Eskifjörður	287.957	272.395	248.137	181.311	166.240	-42%
Húsavík	173.558	152.085	147.660	158.052	113.570	-35%
Hvolsvöllur	256.770	226.336	226.205	186.747	213.332	-17%
Höfuðborgarsvæðið	2.028.916	1.995.886	1.815.038	1.652.647	1.539.380	-24%
Lögregluskólinn	8.964	9.763	11.304	9.818	8.853	-1%
Ríkislögreglustjóri	425.840	448.407	410.993	420.117	436.919	3%
Sauðárkrúkur	78.793	88.457	73.244	61.623	52.067	-34%
Selfoss	369.989	338.642	328.410	304.324	257.184	-30%
Seyðisfjörður	157.726	161.103	152.957	142.247	110.131	-30%
Snæfellsnes	136.292	128.948	129.763	108.047	110.621	-19%
Suðurnes	611.472	451.422	455.251	470.120	479.996	-22%
Vestfirðir	248.419	267.802	251.629	194.430	171.279	-31%
Vestmannaeyjar	69.113	63.379	57.374	54.386	48.395	-30%
Samtals	5.713.457	5.521.861	5.137.578	4.521.354	4.223.421	-26%

Námskeið í forgangsakstursþjálfun (AMF) var á áætlun og hafa nú um 280 lögreglumenn verið þjálfaðir í neyðarakstri. Stefnt er að því að allir lögreglumenn hafi hlotið slíka þjálfun fyrir lok næsta árs. Það er mat ríkislögreglustjóra að þessi þjálfun muni auka hæfni ökumanna og fækka tjónum á ökutækjum lögreglunnar. Að frumkvæði ríkislögreglustjóra voru settar öryggisgrindur framan á helstu útrásarbíla lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Selfossi. Þetta var gert til að tryggja enn betur öryggi lögreglumanna og til að halda skemmdum á ökutækjum í lágmarki.

Tjónakostnaður nam samtals um 8,3 m.kr., sem er hækkun frá árinu 2009 en þá var hann um 5,4 m.kr. Hækkunin skýrist m.a. af stærri tjónum á tveimur lögreglubifreiðum. Flest tjónin verða hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu en þar eru einnig flestar lögreglubifreiðar. Einnig má leiða að því líkum að umferðarmagn og gatnakerfi hafi talsverð áhrif þar sem nokkuð er um tjón sem rekja má til hraðahindrana. Flest tjón á ökutækjum lögreglunnar verða þegar lögreglumenn sinna venjulegu löggæslueftirliti. Í töflu 7 sést hvernig tjónakostnaður skiptist milli lögregluembættanna.

Tafla 7. Yfirlit um tjón lögreglubifreiða 2010

Lögregluembætti	Fjöldi ökutækja í notkun	Tjónakostnaður	Kostn./km
Akranes	3	Tjónlaus	Tjónlaus
Akureyri	9	48.000	0,20 kr.
Blönduós	3	Tjónlaus	Tjónlaus
Borgarnes	4	8.000	0,10 kr.
Eskifjörður	8	92.010	0,60 kr.
Húsavík	4	Tjónlaus	Tjónlaus
Hvolsvöllur	5	Tjónlaus	Tjónlaus
Höfuðborgarsvæðið	61	5.944.076	4,00 kr.
Lögregluskólinn	1	Tjónlaus	Tjónlaus
Ríkislögreglustjóri	17	556.645	1,00 kr.
Sauðárkrókur	2	Tjónlaus	Tjónlaus
Selfoss	5	1.130.077	4,00 kr.
Seyðisfjörður	3	377.471	3,00 kr.
Snæfellsnes	4	Tjónlaus	Tjónlaus
Suðurnes	12	110.000	0,20 kr.
Vestfirðir	7	46.000	0,30 kr.
Vestmannaeyjar	2	20.000	0,40 kr.
Alls	150	8.332.279	2,0 kr.

Tölvudeild

Embætti ríkislögreglustjóra starfrækir sameiginlega miðlæga tölvumiðstöð fyrir öll lögregluembættin. Að auki rekur embættið tölvumiðstöð fyrir Fangelsismálastofnun, ríkissaksóknara, Útlendingastofnun og embætti sérstaks saksóknara. Heildarfjöldi notenda er um 1.100 á um 64 starfsstöðvum víðs vegar um landið. Rík krafa er gerð til þjónustu og öryggis þeirra upplýsingakerfa sem ríkislögreglustjóri rekur og flest þeirra embætta sem ríkislögreglustjóri sinnir hafa starfsemi allan sólahringinn. Í umsjón með þessum embættum og stofnunum felst rekstur á sameiginlegum gagnagrunnum og tölvukerfum. Í gegnum tölvumiðstöðina tengjast lögregluembættin út fyrir hið lokaða tölvunet.

Ríkislögreglustjóri rekur fjölmörg upplýsingakerfi og má þar nefna sem dæmi:

- Lögreglukerfið, sem er miðlægt upplýsingakerfi lögreglu, heldur utan um öll verkefni og mál lögreglunnar frá upphafi til enda. Kerfið inniheldur m.a. málaskrá ákærvaldsins. Gagnagrunnur lögreglukerfisins er einnig notaður í ýmsa greiningarvinnu og til vinnslu á afbrotatölfræði.
- Upplýsingakerfi Schengen-ríkjanna er ætlað að gera yfirvöldum mögulegt að hafa aðgang að upplýsingum um fólk og aðra þætti vegna landamæravörslu og annarra lög- og tollgæsluverkefna. Yfirvöld í aðildarlöndunum sameinast um rekstur kerfisins og hafa öll aðgang að því.

Endurnýjun á netþjónum tölvumiðstöðvarinnar hófst á árinu og hefur verið lögð áhersla á að byggja ákveðinn hluta af rekstrinum á svokölluðum sýndarnetþjónum sem keyrðir eru á öflugum vélbúnaði. Gagnagrunnar voru færðir inn á þessa sýndarnetþjóna og með þessum ráðstöfunum náðist hagræðing með fækkun hugbúnaðarleyfa vegna netþjóna og gagnagrunnsþjóna. Að auki mun þetta auðvelda umsýslu með sameiginlegum hugbúnaði embættanna og umsjón með umsýslu notenda. Með breytingum á tilhögun þessara mála er hægt að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri upplýsingakerfa lögreglunnar og þeirra embætta sem eru í þjónustu hjá ríkislögreglustjóra.

Á árinu hefur verið unnið að nýjum innri og ytri vef lögreglunnar. Samið var við hugbúnaðar fyrirtækið TM-Software um smíði vefjanna sem byggjast á svokallaðri Share Point lausn frá Microsoft. Jafnframt var unnið að nýju hugbúnaðarkerfi fyrir aðgerðastjóra almannavarna, sem ætlað er að nýtast við stjórnun aðgerða á sviði leitar og björgunar. Gert er ráð fyrir ýmsum nýjungum í þjónustu lögreglunnar, svo sem að almenningur geti sótt upplýsingar á vef lögreglunnar með rafrænum skilríkjum. Auk þess mun almenningur geta sótt um ýmis leyfi til lögreglunnar á sama hátt.



Löggæsla og öryggi

Almannavarnadeild

Verkefni almannavarnadeildar voru umfangsmikil þetta árið. Viðbúnaður og viðbrögð við tveimur eldgosum tóku drjúgan tíma, svo og vinna við endurreisn samfélagsins á Suðurlandi. Einnig voru fjölmörg önnur verkefni hjá deildinni.

Viðbragðskerfi almannavarna og þar með samhæfingarstöðin voru virkjuð 14 sinnum á árinu 2010, ýmist vegna aðgerða eða æfinga. Sex sinnum var stöðin virkjuð í tengslum við flugslysaáætlanir. Tvisvar var hún virkjuð vegna eldgosa en það voru lengstu aðgerðir sem almannavarnir hafa staðið frammi fyrir frá eldgosinu í Heimaey árið 1973. Þá var stöðin virkjuð tvisvar vegna umferðarslysa. Önnur útköll tengdust óveðri og eitt hlaupi úr Grímsvötnum en búast mátti við eldgosu þar í framhaldi af jökulhlaupi í nóvember.

Í febrúar var sett af stað bólusetningarátak vegna svínainflúensunnar en þá höfðu um tveir af hverjum fimm Íslendingum látið sprauta sig gegn inflúensunni og er það eitt hæsta hlutfall sem þekktist í heiminum.

Fréttabréf og vefsíða

Fréttabréf almannavarnadeildar kemur að jafnaði út ársfjórðungslega en í því er fjallað um mál sem deildin vinnur að hverju sinni. Að þessu sinni komu út þrjú fréttabréf. Þar af var eitt veglegra og stærra í sniðum en áður og fjallaði eingöngu um gosið í Eyjafjallajökli, allt frá viðbúnaði til endurreisnar, og umfang þeirrar vinnu sem fylgdi eldgosinu. Auk fréttabréfsins voru reglulega birtar fréttir á heimasíðu deildarinnar, www.almannavarnir.is, af atburðum sem voru efstir á baugi hverju sinni. Um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli voru birtar yfir 100 fréttir á íslensku en á erlendum tungumálum voru fréttir og fréttatilkynningar á ensku og pólsku. Þá voru birtar stöðuskýrslur um gosið á heimasíðunni á íslensku og ensku sem voru sendar til fjölmiðla og sendiráða víða um heim. Gott samstarf var við utanríkisráðuneytið sem sá um þýðingar á skjölum. Einnig voru settar inn á síðuna upplýsingar tengdar gosinu frá Landgræðslunni, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun svo að fátt eitt sé nefnt.

Skipulag áfallahjálpar og endurnýjun samstarfssamninga

Skipulag áfallahjálpar á Íslandi hefur verið í endurskoðun frá árinu 2005. Helsta ástæða þess að skipulagið hefur verið svo lengi í endurskoðun er að vandaðar rannsóknir hafa ýtt undir breytingar á verklagi vegna áfallahjálpar í hamförum. Endurskoðað skipulag var undirritað á ráðstefnu í Grensáskirkju 14. október 2010 og hefur því síðan verið fylgt eftir með kynningu.

Skipulagið er byggt á handbókinni *Viðurkennt verklag á vettvangi* sem var gefin út á rafrænu formi árið 2009, þýdd og staðfærð fyrir íslenskar aðstæður. Á döfinni er síðan að innleiða skipulag áfallahjálpar og skipa samráðshópa um áfallahjálp í öllum lögregluumdæmum landsins.

Hafist var handa við endurnýjun samninga um skipan hjálparliðs almannavarna á árinu. Í samningunum er hlutverk Rauða kross Íslands og Slysavarnafélagsins Landsbjargar í almannavarnaástandi skilgreint. Slíkir samningar hafa verið í gildi frá árinu 1974. Stefnt er að undirritun endurnýjaðra samninga vorið 2011.

Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin

Mjög mannskæður jarðskjálfti af styrkleikanum 7,3 varð á Haíti 13. janúar 2010. Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin brást skjótt við og var skipulagt hjálparflug til Port au Prince í kjölfar skjálftans. Íslenska sveitin var komin á hamfarasvæðið meðal fyrstu alþjóðabjörgunarsveitanna til hjálparstarfa. Evrópusambandið veitti Íslendingum flutningsstyrk sem nam um helmingi kostnaðar við heimferðina.

Námskeið, æfingar og viðbragðsáætlanir

Þrjú vettvangsstjóranámskeið voru haldin árið 2010 en þau eru samstarfsverkefni almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Lögregluskóla ríkisins, björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Brunamálaskólans.

Rústabjörgunar-, flugslysa- og snjóflóðæfing

Í september var fulltrúa almannavarnadeildarinnar boðið að taka þátt í alþjóðlegri rústabjörgunaræfingu í Bretlandi. Æfingin hét ORION og var styrkt af ESB. Yfir eitt þúsund manns tóku þátt í æfingunni og ráðstefnu sem haldin var samhliða.

Flugslysaæfingar voru haldnar á Ísafirði, Bíldudal og Vopnafirði auk þess sem flugverndaræfing var haldin á Akureyri. Æfingarnar voru skipulagðar í samstarfi við heimamenn en á þeim gefst öllum viðbragðsaðilum tækifæri til þess að æfa saman.

Ákveðið var að frá og með haustinu 2010 yrði breytt tækni notuð við upplýsingagjöf í hættuástandi vegna snjóflóðahættu. Í nýju verklagi eru upplýsingar sendar í tölvupósti og viðeigandi skjöl sem viðhengi. Vel skilgreint ferli fer síðan í gang þar sem allir staðfesta móttöku og grípa til viðeigandi ráðstafana. Þetta ferli var æft í kjölfarið og vankantar sniðnir af. Vonir standa til að þetta nýja skipulag auðveldi dreifingu upplýsinga og stytti viðbragðstíma.

Viðbragðsáætlanir og áhættuskoðanir

Byrjað var á viðbragðsáætlun vegna gróðurelda í samstarfi við Brunamálastofnun og Skorradalshrepp. Einnig hefur farið fram vinna við uppfærslu viðbragðsáætlunar fyrir Hvalfjarðargöng og á Snæfellsnesi hófst vinna við gerð almennrar viðbragðsáætlunar fyrir sveitarfélögin þar. Áfram var unnið að samræmdum viðbragðsáætlunum heilbrigðisstofnana. Síðustu fundirnir um almannavarnalögin og áhættuskoðunarverkefnið með lögreglustjórum, almannavarnanefndum og öðrum viðbragðsaðilum voru haldnir á árinu og höfðu þá öll umdæmin verið heimsótt.

Fundir, ráðstefnur og námskeið

Fjölmargir fundir og ráðstefnur voru sóttir af starfsmönnum almannavarnadeildar ýmist hérlendis eða erlendis. Deildin tók m.a. þátt í evrópsku samstarfsverkefni sem snýr að rýmingu í hamförum (ERGO-verkefnið). Fulltrúi almannavarnadeildar tók auk þess þátt í vísindafundi NATO á Íslandi, alþjóðlegri ráðstefnu um öryggismál sveitarfélaga og samstarfsfundi Norðurlanda um norrænan björgunarsamning (NORDRED). Einnig tóku fulltrúar almannavarnadeildar þátt í alþjóðlegum fundi í samstarfi við Geislavarnir ríkisins.

Norðurslóðarverkefnið Co Safe

Almannavarnadeildin er samstarfsaðili að svokölluðu Co Safe verkefni sem styrkt er af Norðurslóðaráætlun Evrópusambandsins og ber heitið *Cooperation for Safety in sparsely populated areas*. Verkefnið snýr að því að bæta þjónustu við íbúa þegar stórslys verða. Haldnir voru tveir vinnufundir 2010, annar á Akureyri og hinn í Kuopio í Finnlandi.

Vísindamannaráð

Vísindamannaráð kom alloft saman á síðasta ári. Strax í upphafi febrúar var haldinn fundur vegna aukinnar jarðskjálftavirkni í Eyjafjallajökli. Vöktun var aukin af þessu tilefni og voru jarðvísindamenn og starfsmenn almannavarnadeildar í miklu sambandi vegna þessa. Þann 5. mars var aftur haldinn fundur vegna virkni í Eyjafjallajökli og voru menn þá við öllu búnir en raunin varð sú að eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi að kvöldi 20. mars og í framhaldi af því í Eyjafjallajökli. Á meðan á eldgosunum stóð fundaði vísindamannaráð oft. Lengst af skiluðu Veðurstofa Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans daglegri stöðuskýrslu til almannavarnadeildar. Jafnframt því að sinna rannsóknum og eftirliti með eldgosinu þá mættu jarðvísindamenn, veðurfræðingar og aðrir vísindamenn á fjölmarga fundi sem haldnir voru til að upplýsa íbúa á áhrifsvæði eldgossins, fréttamenn, ýmsa embættis- og stjórnmálamenn auk annarra um framvindu gossins.

Alþjóðadeild

Niðurskurður á fjárveitingum til embættisins var að hluta til mætt með flutningi þriggja starfsmanna frá alþjóðadeild til efnahagsbrotadeildar. Þann 1. mars 2010 voru síðan sólarhringsvaktir lagðar af og nætur- og helgarsvörun færðist yfir til fjarskiptamiðstöðvar. Fjöldi verkefna hélst að mestu óbreyttur, sem jók álagið á hvern starfsmann, sérstaklega á orlofstímabilinu.

Schengen-samstarfið var sem fyrr í nokkuð föstum skorðum. Yfirlestur á 95. gr. mála var þar tímafrekastur ásamt yfirferð yfir skipalista. Allmargir finnast hér á hverju ári sem skráðir eru í Schengen-upplýsingakerfið og eru í flestum tilfellum framseldir í framhaldinu. Ástæða er til að nefna að framsalsmál hér á landi taka langan tíma. Stytta mætti það ferli ef samningur, sem var undirritaður árið 2006 til samræmis við „European Arrest Warrant“, yrði að veruleika.

Þrátt fyrir að endurnýjun Schengen-upplýsingakerfisins hafi dregist standa nú vonir til að úr rætist þannig að prófanir geti farið fram 2012 og að nýtt kerfi verði virkt árið 2013. Í árslok var Sirene-kerfi alþjóðadeildar uppfært, sem er til mikilla bóta og auðveldar starfið. Þess má geta að uppfærslan byggist á því kerfi sem Kögun þróaði fyrir Sirene-skrifstofuna í Liechtenstein en kveikjan að því verkefni var starfskygning forstöðumanns Liechtenstein-skrifstofunnar hjá alþjóðadeild árið 2008.

Alþjóðlegt samstarf við Interpol, Europol og PTN

Interpol-samstarfið gengur vel sem fyrr og hefur samskiptakerfi stofnunarinnar löngu sannað ágæti sitt. Reglulega lýsa íslensk lögregluyfirvöld eftir einstaklingum í Interpol-kerfinu en á árinu var einn slíkur handtekinn í Venesúela í beinu framhaldi af eftirlýsingu. Samskipti við yfirvöld í landinu í framhaldi af handtökunni voru hins vegar erfiðleikum bundin. Að lokum leystist málið og viðkomandi var fluttur til landsins.

Europol-samstarfið er komið í fastan farveg. Í árslok fékkst loks uppfærsla á samskiptakerfi stofnunarinnar, sem gerir það að verkum að mun auðveldara er að vinna með erindi frá stofnuninni en áður var.

PTN-samstarfið var sem fyrr með ágætum og sambandsmennirnir ávallt hjálplegir þegar á þarf að halda. Líklegt er að Norðurlöndin muni breyta fyrirkomulagi sambandsmanna innan Evrópu í framtíðinni með þeim hætti að þeir verði staðsettir hjá Europol en ekki í mismunandi löndum. Danir hafa þegar tekið upp þennan hátt og líklegt þykir að Svíar fylgi í kjölfarið. Skiptar skoðanir eru þó um þessar breytingar og það er álit margra að þær leiði til stíðara samstarfs. Norðmenn eru nú með formennsku í PTN en munu láta af henni í júní 2011 og

Íslendingar taka þá við. Fyrirsjáanlegt er að formennskan muni hafa í för með sér aukin verkefni fyrir starfsmenn alþjóðadeildar þar sem í henni felst m.a. að halda utan um fundi, rita fundargerðir og fleira sem snýr að starfsemi PTN. Á síðustu tveimur árum hefur þátttaka í alþjóðlegu lögreglusamstarfi með setu á samráðsfundum og þjálfun erlendis fallið niður vegna niðurskurðar fjárveitinga.

Málefni útlendinga og brottvísanir

Útlendingamál voru sem fyrr stór hluti verkefna alþjóðadeildar. Á árinu var komið á fót formlegum samráðshópi um mál er varða útlendinga. Í hópnum sitja fulltrúar frá Útlendingastofnun, ríkislögreglustjóra, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Samráðshópurinn er til þess fallinn að bæta og samræma aðgerðir í þessum málaflokki fyrir þá sem vinna mest í honum.



Ekkert lát er á brottvísunum brotamanna frá landinu, auk þess sem nokkuð er um flutninga á hælisleitendum vegna Dyflinnarsamkomulagsins en í því sambandi kemur Eurodac-gagnagrunnurinn að góðum notum. Greinileg aukning varð á hælisleitendum þann tíma sem áætlunarflug til Kanada stóð yfir en því má þakka árvekni landamæravarða á Keflavíkurflugvelli sem stöðvuðu fjölda farþega með fölsuð skilríki sem í framhaldi sóttu um hæli.

Fjarskiptamiðstöð

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) hefur verið starfandi í tíu ár, með aðsetur í Reykjavík, að Skógarhlíð 14. Nítján stöðugildi eru í deildinni, þar af sextán á vöktum. Lögð er áhersla á að deildir löggæslu- og öryggissviðs embættisins njóti

stuðnings hver af annarri eftir álagi hverju sinni. Verkefnatengd símtöl sem bárust FMR um Neyðarlínuna (112) voru 84.086, sem er fækkun um 9.017 símtöl frá árinu 2009. Ótalin eru þjónustusímtöl við lögregluembætti.

Í febrúar varð breyting á starfsemi alþjóðadeildar þannig að vöktun á alþjóðakerfum færðist til FMR á kvöldin, um nætur og helgar ásamt almennum frídögum. Starfsmönnum var kynntur málaflokkurinn og hefur gengið vel að sinna þessum verkefnum samhliða öðrum. Sumarið var erfiður tími, bæði hvað varðaði fjölgun verkefna og orlofstíma starfsmanna. Þrátt fyrir það gekk vel að láta enda ná saman og orlofstími starfsmanna var settur í enn fastari skorður en tíðkast hefur. Vert er að hrósa starfsmönnum hversu vel hlutirnir gengu fyrir sig á mestu álagstímum.

Eldgos, samvinna og samhæfing

Á vormánuðum var eldgos á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Starfsmenn FMR sinntu sínu hlutverki í samhæfingarstöðinni en óhjákvæmilega kallaði verkefnið á aukamannskap með tilheyrandi kostnaði. Mikið samstarf var á milli deilda hjá embætti ríkislögreglustjóra og má í því sambandi nefna samhæfingarstöðina, sem var virkjuð alloft í tengslum við óveður, leitir og náttúruhamfarir. Samskipti við lögregluembættin voru mikil, bæði með heimsóknum og símafundum. Samhæfa þurfti aðgerðir í tengslum við stórar uppkomur og samvinna jókst á milli FMR og annarra viðbragðsaðila, s.s. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslunnar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Samstarf og kynningarfundir

Samstarf var við lögreglu höfuðborgarsvæðisins (LRH) á mörgum sviðum, sérstaklega þegar mótmæli voru í miðborg Reykjavíkur. Hlutverkið var að samhæfa fjarskipti og var unnið náið með aðgerðastjórn LRH. Fjarskipti voru í föstum skorðum og hefur fjarskiptakerfið TETRA sannað sig svo að um munar. Verkefnið var haft í sérstökum talhóp, eins og áður, sem gerði það að verkum að hin daglegu verkefni röskuðust ekki. Sama fyrirkomulag er viðhaft í öðrum sérverkefnum, s.s. við leitir og í slysum þegar fleiri en einn viðbragðsaðili kemur að verkefninu. Fyrirkomulag sem þetta sannaði ágæti samvinnunnar á milli embætta og gerði stjórnun enn markvissari en áður, sem skilaði sér til lögreglumanna sem voru á vettvangi hverju sinni.

Kynningar og fundir voru haldnir víða s.s. með starfsmönnum slysideildar Landspítala – Háskólasjúkrahúss og ýmsum stofnunum innanríkisráðuneytisins. Tókust þessar kynningar með ágætum og má reikna með að framhald verði á þeim. Þá er á hverju ári nokkuð um heimsóknir til FMR, og eru það aðallega erlendir lögreglumenn og gestir samstarfsaðila lögreglu sem sækja FMR heim.

Greiningardeild

Þann 1. janúar 2007 tók greiningardeild ríkislögreglustjóra til starfa. Greiningardeild rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Heiti deildarinnar á enskri tungu er National Security Unit.

Starfssvæðið nær til alls landsins. Hlutverk greiningardeildarinnar er, samkvæmt reglugerð nr. 404 frá 8. maí 2007, að annast verkefni á sviði öryggismála, sem m.a. felast í rannsóknum mála, aðgerðarmiðuðu greiningar- og áhættumati og stefnumiðuðum greiningum. Lög um meðferð sakamála gilda um rannsóknaraðferðir og starfsheimildir greiningardeildar og hefur hún því ekki víðtækari úrræði en lögreglan hefur almennt.

Starfsemi greiningardeildar

Starfsemi greiningardeildar skiptist upp í þrjá meginþætti:

- Umsjón með gagnagrunni, öryggisathuganir og útgáfa öryggisvottana:
 - Áhættugreining og öryggisúttekt vegna einstaklinga. Útgáfa vottorða um öryggisgráður vegna starfsemi lögreglu og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi af hálfu stjórnvalda.
- Aðgerðarmiðuð greining og verkefni vegna skipulagðrar glæpastarfsemi og innra öryggis ríkisins:
 - Rannsóknar- og greiningarvinna vegna lögregluaðgerða.
- Stefnumiðuð greining og fyrirbyggjandi verkefni:
 - Stefnumiðuð greining er varðar ógn af hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi til lengri tíma og gerð mats á víðtækum grunni sem tekur mið af þróun mála héraendis og erlendis og segir til um líklega framtíðarþróun.

Greiningardeild veitir ráðgjöf um viðbúnað sem hefur þýðingu fyrir hagsmuni ríkisins og þjóðhagslega mikilvæga starfsemi. Deildin tekur þátt í undirbúningi aðgerða til stuðnings lögreglunnar í landinu og aflar upplýsinga í málum er tengjast öryggi ríkisins. Þá er deildinni ætlað að veita lögregluliðum aðstoð vegna landamæravörslu og taka þátt í neyðaráætlanagerð almannaþinga. Deildin tekur einnig þátt í aðgerðastjórn ríkislögreglustjóra vegna sérstakra verkefna.

Í því skyni að tryggja boðskipti og upplýsingamiðlun milli öryggisstofnana ríkisins hefur greiningardeild fasta tengiliði hjá öllum lögregluembættum landsins sem og Landhelgisgæslu Íslands og tollstjóra. Hún fer einnig með alþjóðlegt samstarf við öryggisstofnanir annarra landa. Deildin hefur eftirlit með því að reglum sé fylgt um meðhöndlun gagna sem eru öryggisgráðuð.

Síðla árs 2008 varð Ísland fullgildur aðili að evrópsku lögreglusamstarfi á sviði hryðjuverkavarna (*Police Working Group on Terrorism*) og á árinu 2010 tók greiningardeild í notkun samskiptabúnað tengdan því samstarfi. Þar með hefur verið lagður grunnur að frekari þátttöku Íslands í alþjóðlegu lögreglusamstarfi.

Sérsvait

Heildarfjöldi verkefna hjá sérsvaitinni var 4.207 en þar af voru almenn lögregluverkefni 3.079 og umferðarverkefni 609. Sérsvaitarverkefni voru 276, þar af 63 vopnuð. Verkefni sérsvaitarinnar voru 23 að meðaltali á mánuði og annasamasti mánuðurinn var október en þá voru verkefni 43. Flest útköllin voru í miðbæ Reykjavíkur en þar voru verkefni 553. Fæst útköll á höfuðborgarsvæðinu voru í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi, eða 16 talsins.

Í 105 tilfellum voru ýmsar deildir lögreglu hjá lögregluembættunum aðstoðaðar vegna sérstakra verkefna t.d. við handtökur á hættulegum einstaklingum þar sem grunur var um vopnaburð, mannfjöldastjórnun og flutninga með hættulega fanga. Sprengjusérfræðingar sérsvaitarinnar sinntu 23 verkefnum vegna eyðingar á sprengiefni sem fundist hafði á víðavangi og sprengjuleitar vegna opinberra heimsóknna. Kafarar sinntu átta verkefnum vegna leitar að týndu fólki og sönnunargögnum í sakamálu. Sérsvaitin annaðist 29 fræðslu- og þjálfunarverkefni hjá lögregluembættunum, Lögregluskólanum, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, tollstjóranum, Siglingastofnun, starfsfólki ráðuneyta og stjórnarráðsins og innlendum flugfélögum.

Sinnt var öryggisgæslu vegna æðstu stjórnar ríkisins og lagður til mannskapur og búnaður vegna lögregluaðgerða í tengslum við mótmæli í miðborg Reykjavíkur. Öryggisgæsluverkefni voru 57 vegna gæslu á erlendum fyrimennum og æðstu stjórnar ríkisins. Þá sinnti sérsvaitin öryggiseftirliti með tilteknum einstaklingum og byggingum í 884 tilfellum. Í nóvember annaðist hún flutning kjörgagna um allt land vegna kosninga til stjórnlagabings.

Á tímabilinu 21. mars – 13. júní sinnti sérsvaitin almannavarnaverkefnum á vegum lögreglustjórans á Hvolsvelli vegna eldgosa á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Hún annaðist lokanir, rýmingar, sértækt og almennt eftirlit ásamt öðrum störfum í umdæminu, eða alls 243 verkefnum.

Öryggismál

Lögreglan annaðist öryggisgæslu og umferðarfylgd vegna 17 opinberra heimsókna og alþjóðlegra funda. Umfangsmestu verkefni voru vegna Norðurlandaráðsþings, forsætisráðherrafundar Norðurlandanna, heimsókna kínverskra sendinefnda og opinberra heimsókna forseta Slóvakíu og Eistlands.

Tafla 8. Fjöldi heimsókna erlendra fyrirmenna til Íslands 2010

Mánuður	Nafn og titill/efni	Fylgdarmenn
Apríl	Sendiherra Ísraels	1
Maí	Heimsókn forseta Maldíveyja	14
Júní	Opinber heimsókn forseta Eistlands	27
	Heimsókn kínverskrar sendinefndar	63
	Sendiherra Ísraels	1
Ágúst	Einkaheimsókn Noregskonungs	4
	Einkaheimsókn Svíakonungs	7
September	Opinber heimsókn forseta Slóvakíu	21
	Einkaheimsókn Belgíudrottningar	12
	Utanríkisráðherra Indlands	5
	Orkumálaráðherra Indlands	3
	Hershöfðingi flughers Bandaríkjanna	4
	Heimsókn kínverskrar sendinefndar	24
Október	Ráðherra sjóhers Bandaríkjanna	10
	Utanríkisráðherra Singapúrs	8
Nóvember	Æðsti yfirmaður sameiginlegs herafla NATO í Evrópu	18
	Norðurlandaráðsþingið og fundur forsætisráðherra Norðurlandanna	700



Stjórnsýslusvið

Afbrotatölfræði

Innan stjórnsýslusviðs er unnin tölfræði um afbrot. Haustið 2010 var gefin út Afbrotatölfræði 2009 en það er viðamikil skýrsla þar sem birtar eru staðfestar tölur um afbrot greind eftir brotaflokkum og lögregluembættum. Skýrslan fjallaði einnig um kærða einstaklinga, kyn þeirra og aldur. Mánaðarskýrslur um afbrot voru einnig birtar á vef lögreglunnar í hverjum mánuði en það eru stuttar samantektir um brot hvers mánaðar auk annarrar greiningar á brotum tengdum málefnum líðandi stundar. Fyrir utan reglubundin verkefni er sinnt upplýsingagjöf til annarra, svo sem stofnana, fjölmiðla og nemenda. Þá er aukinn þungi í alþjóðlegu samstarfi og upplýsingaöflun til stofnana eins og Sameinuðu þjóðanna, Eurostat, Interpol og Europol.

Velferðarráðuneytið hefur unnið að verkefnum í tengslum við Velferðarvaktina en hlutverk hennar er að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu. Í lok árs 2010 hófst starf hóps sem vann mennta- og félagsvísa fyrir Velferðavaktina. Starfsmaður stjórnsýslusviðs tók þátt í þeirri vinnu og veitti upplýsingar um þróun afbrota. Þá var unnið að því að útbúa gagnasafn fyrir nýjan afbrotatölfræðivef lögreglunnar en vefurinn mun verða aðgengilegur á árinu 2011.

Starfsmannamál

Í upphafi árs 2010 var starfshópi á vegum ríkislögreglustjóra falið að endurskoða starfsmannastefnu lögreglunnar. Hópin skipa fulltrúar frá ríkislögreglustjóra, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Landssambandi lögreglumanna, Lögreglustjórafélaginu og Lögregluskóla ríkisins. Starfshópnum var falið að leggja mat á innihald núverandi stefnu og leggja fram tillögur til breytinga. Starfshópurinn fundaði reglulega á árinu og áætla hann að ljúka vinnu sinni á fyrri hluta ársins 2011.

Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar

Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun fyrir lögregluna var gefin út af ríkislögreglustjóra fyrir nær tveimur árum. Samhliða tók til starfa sérstök jafnréttisnefnd sem skipuð var af ríkislögreglustjóra en með þessari skipan ber hann ábyrgð á framgangi jafnréttismála. Lögreglustjórar bera hins vegar ábyrgð á framkvæmd jafnréttisáætlunar, hver hjá sínu embætti. Á árinu barst ekkert formlegt erindi frá lögregluembættunum til jafnréttisfulltrúa.

Félagastuðningur

Um mitt árið 2009 var skipaður stýrihópur til að styðja við innleiðingu félagastuðnings. Auk ríkislögreglustjóra eiga sæti í stýrihópnum fulltrúar frá Lögreglustjórafélaginu, Landssambandi lögreglumanna, Lögregluskóla ríkisins, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og á Selfossi. Hópurinn skilaði skýrslu um starf sitt í október 2010. Starf hans var m.a. fólgið í því að gera tillögur að stuðningi við lögreglumenn sem verða gjaldþrota og stuðla að átaki í kynningu á verkefningu. Auk þess lagði hópurinn til að gerð yrði þjónustukönnun á félagastuðningi sem ákveðið hefur verið að hrinda í framkvæmd á árinu 2011.

Á árinu 2010 var 23 lögreglumönnum vísað til sálfræðings í gegnum félagastuðningskerfið en þar að auki nutu fleiri lögreglumenn áfram þjónustu sálfræðinga eftir að hafa verið vísað til þeirra árið á undan. Flest viðtölin voru veitt af sálfræðingum sálfræðiþjónustunnar Líf og sál samkvæmt samningi. Síðastliðin ár hafa, auk sálfræðinga, geðlæknar, fjölskylduráðgjafar og prestar veitt lögreglumönnum stuðning í gegnum tilvísanakerfi félagastuðnings.

Úttektir, rannsóknir, forvarnir og samstarf

Embætti ríkislögreglustjóra gerði innri athugun á skráningu lögregluembættanna í málaskrá lögreglunnar. Var hvert embætti fyrir sig skoðað sérstaklega en jafnframt var gerð heildarsamantekt. Tilgangur úttektarinnar var að varpa ljósi á skráningar og afgreiðslu mála. Í henni fólst stuðningur við embættin með upplýsingagjöf, s.s. til að fá ítarlega heildaryfirsýn á meðferð mála og leiðbeiningar til að bæta skráningu. Lögreglustjórum var send samantekt með niðurstöðum, hverjum um sitt embætti, og gefinn kostur á að koma að skýringum og athugasemdum. Viðbrögð lögreglustjórana við úttektinni voru góð.

Innri athugun vegna ásakana um breytingar á skráningu

Að ósk dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins gerði embætti ríkislögreglustjóra athugun á skráningu mála hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Tílefnið var beiðni lögreglustjórans um að athugun yrði gerð vegna ásakana sem birtar höfðu verið í fjölmiðlum þess efnis að stjórnendur embættisins hefðu fegrað ástand lögreglumála í nýlegri ársskýrslu. Það hefði átt að vera gert með breytingu á skráningu í ákveðnum brotaflokkum í þá veru að tölur embættisins sýndu færri brot en í raun áttu sér stað. Á þessu var gerð ítarleg könnun, bæði með fyrirspurnum og skoðun á skráningum í lögreglukerfinu. Skýrsla var gerð og send ráðuneytinu. Af hálfu ríkislögreglustjóra var ekki tílefni til sérstakra aðgerða eða ráðstafana vegna þessara mála.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið fól embætti ríkislögreglustjóra að gera úttekt á ofbeldi gegn lögreglumönnum og koma með tillögur eða gera viðeigandi ráðstafanir til að auka öryggi þeirra. Í erindi ráðuneytisins var m.a. óskað eftir upplýsingum um fjölda ofbeldisbrota og stöðu málanna í refsivörslukerfinu; um búnað lögreglunnar og hvort nauðsynlegt væri að bæta hann; um fjölda lögreglumanna og hvort lögreglan væri of faliðuð til að mæta ofbeldismönnum í samfélaginu. Jafnframt óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um hvort að þeir lögreglumenn sem höfðu verið þolendur ofbeldis við skyldustörf hefðu hlotið varanlegan skaða.

Skoðuð voru gögn fyrir árin 2007-2009 auk þess sem þau voru borin saman við upplýsingar úr eldri rannsóknum. Lagt var mat á hvort ofbeldi gegn lögreglumönnum hefði farið vaxandi á allra síðustu árum. Upplýsingar um fjölda lögreglumanna og ársverk síðastliðinna fjögurra ára voru teknar saman. Samkvæmt þeim tölum hefur lögreglumönnum fækkað en það kann að vera skýringarþáttur á auknu öryggisleysi einstakra lögreglumanna. Embætti ríkislögreglustjóra hefur á undanförunum árum leitast við að auka öryggi lögreglumanna á sama tíma og lögreglumönnum hefur fækkað. Ef litið er til fjölda brota gegn valdstjórninni á allra síðustu árum, samkvæmt málaskrá lögreglunnar og borið saman við sl. áratug, er ekkert sem bendir til þess að tíðni slíkra brota sé að aukast.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur m.a. fram það mat ríkislögreglustjóra að lögreglan sé komin að þolmörkum hvað varðar heildarstarfsmannafjölda miðað við núverandi skipulag. Frekari fækkun lögreglumanna sé líkleg til að draga úr öryggi þeirra þar sem lögreglustjórar muni þurfa að fækka á vöktum og láta lögreglumenn starfa eina fremur en með félagi. Mikilvægt er að lögreglustjórar leggi faglegt mat á öryggi lögreglumanna sinna og geri viðeigandi ráðstafanir. Sjái þeir að öryggi þeirra sé stefnt í hættu vegna manneklu eða skorts á búnaði bregðist þeir við og upplýsi ríkislögreglustjóra um stöðu mála.

Rannsókn á heimilisofbeldi

Í maí 2010 var skýrslan „Heimilisofbeldi: Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu“ birt í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Var skýrslan sú fjórða í ritröð rannsókna sem embættið hefur birt. Rannsóknin var liður í því að upplýsa bæði lögreglu og almenning um eðli heimilisofbeldismála sem berast lögreglu, sem getur nýtt upplýsingarnar sem komu fram í rannsókninni til að skoða eigið vinnulag og hvort hægt sé að gera betur í þessum málum.

Rannsóknin byggðist á 993 málum sem tilkynnt voru lögreglu á árunum 2006 og 2007 og töldust vera annaðhvort ofbeldi eða ágreiningur milli skyldra og tengdra. Í málunum voru 964 þolendur og var meirihlutinn konur (70%), en gerendur voru 787 og var meirihluti þeirra karlar (76%). Meðalaldur þolenda og gerenda var sá sami eða 35 ár. Flestir gerendur (86%) og þolendur (87%) komu aðeins einu sinni við sögu í gögnum lögreglu vegna heimilisofbeldis á þessum tveimur árum sem rannsóknin náði til. Hins vegar kom fram í skýrslum að í þriðjungu mála hafði gerandi áður beitt þolanda ofbeldi. Þegar önnur brot gerenda voru skoðuð kom í ljós að 715 þeirra höfðu verið kærðir fyrir önnur brot en heimilisofbeldi á árunum 2000 til 2007 og flestir fyrir umferðarlagabrot. Litið var til tengsla gerenda og þolenda í þessum málum en gerandi var í flestum tilvikum maki (43%) eða fyrrverandi maki (24%) en í 28% tilvika var um að ræða önnur fjölskyldutengsl.

Þá sýndu niðurstöður að mikill meirihluti þolenda var allsgáður þegar atvikið átti sér stað en að sama skapi var 51% gerenda undir áhrifum áfengis eða annarra efna og a.m.k. eitt barn var á vettvangi í 39% málanna. Tengsl komu fram á milli alvarleika og aðgerða lögreglu þar sem lögregla var mun líklegri til að grípa til formlegra aðgerða ef ofbeldið var alvarlegt.

Forvarnir og samstarf

Starfsmaður stjórnisýslusviðs sat í SAMAN-hópnum líkt og undanfarin ár en þetta samstarf er liður í þátttöku lögreglunnar í forvarnastarfi barna og ungmenna. Hópurinn var stofnaður um áramótin 1999-2000 en í honum sitja fulltrúar ýmissa félagasamtaka, stofnana og sveitarfélaga. Hlutverk hópsins er fyrst og fremst að styrkja og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Í því felst m.a. að vekja athygli á þeirri hættu sem börnum og unglíngum stafar af áfengi, tóbaki og vímuefnum og auka samstarf fólks sem vinnur að forvörnum. Á árinu 2010 sendi hópurinn með ýmsum hætti skilaboð til að minna foreldra á mikilvægi samverustunda með börnum sínum. SAMAN-hópurinn heldur úti vefsíðunni www.samanhopurinn.is.

Ár hvert tekur ríkislögreglustjóri þátt í verkefninu Göngum í skólann. Að þessu sinni var átakanu hrundið af stað í Fagralundi í Kópavogi og hófu nemendur úr öðrum og sjöunda bekk í Fossvogs- og Snælandsskóla verkefnið að þessu sinni með því að fara í ratleiki og ganga um svæðið. Viðstaddir setningu átaksins voru innanríkisráðherra, fulltrúi í skólanefnd Kópavogsbæjar og formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar. Að auki var lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins viðstaddur ásamt öðrum bakhjörllum verkefnisins en markmið þess er að hvetja þá sem sækja grunnskóla að ganga í skólann. Þetta er í fjórða sinn sem Íslendingar taka þátt í þessu alþjóðlega samstarfi en það hófst í Bretlandi árið 2000. Heimasíða verkefnisins er www.gongumiskolann.is.

Kennslanefnd, tæknimál og lögreglukerfið

Tvö mál komu til úrlausnar kennslanefndarinnar á árinu. Annað var frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu sem óskaði eftir aðstoð nefndarinnar til að auðkenna lík sem fannst á brunastað. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að auðkenning væri staðfest. Hitt var frá lögreglunni á Blönduósi og varðaði hluta af höfuðbeini sem fannst í Guðlaugstungum á Kili. Ekki fundust fleiri bein og engin samanburðargögn voru fyrirbyggjandi.

Kennslanefnd starfar samkvæmt skipun dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá 1. júní 2008 til þriggja ára. Í lok ágúst var haldinn hér fundur norrænna kennslanefnda. Fundinn sóttu um 50 manns og voru lögreglumenn, réttarlæknar og tannlæknar meðal þátttakenda. Í október komu saman á fundi í Reykjavík yfirmenn tæknideilda Norðurlanda. Einnig var haldinn Nordakt-fundur, sem er fundur sérfræðinga sem hafa það hlutverk að viðurkenna fingrafarasérfræðinga á Norðurlöndum.

Tæknimál

Embætti ríkislögreglustjóra hefur umsjú með öndunarsýnatækjum til mælingar á alkóhólþéttni í útöndunarlofti. Embættið mun áfram sinna eftirliti með notkun þessara tækja og viðhaldi. Tæknistofa aðstoðar Lögregluskólann við kennslu á tækin og eins og áður sér hún um að senda fingraför hælisleitenda í Eurodac-grunn.

Lögreglukerfið og starf vinnuhóps

Starfræktur var vinnuhópur um málaskrárkerfi lögreglunnar á árinu 2010 líkt og síðustu ár. Hópurinn hittist reglulega en hlutverk hans er að vera ráðgefandi um breytingar á málaskrárkerfinu og fylgjast með að rétt sé skráð í kerfið. Að hópnum standa starfsmenn frá embætti ríkislögreglustjóra, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunni á Suðurnesjum, ríkissaksóknara og sérstökum saksóknara.

Fíkniefna – og umferðarlöggæsla

Í aðdraganda verslunarmannahelgarinnar lagði ríkislögreglustjóri sérstaka áherslu á að lögregluembættin sinntu virku götueftirliti gegn sölu, meðferð og neyslu ólöglegra fíkniefna. Um verslunarmannahelgina voru tvö teymi frá ríkislögreglustjóra á ferð um landið ásamt tollvörðum og fíkniefnaleitarhundum. Eftirlitið var unnið í samstarfi við lögregluembættin og var það viðbót við eftirlit þeirra en eftirlitinu var beint að stöðum þar sem þörf var talin á því.

Fíkniefnaleitarhundar

Í dag hefur lögreglan á að skipa fíkniefnaleitarhundum í öllum landsfjórðungum og eru þeir hjá eftirtöldum embættum: Borgarnesi, Blönduósi, Vestfjörðum, Akureyri, Eskifirði og Vestmannaeyjum.

Árangur fíkniefnaleitarhunda hefur aukist til muna á síðustu árum. Þau embætti sem hafa yfir að ráða fíkniefnaleitarhundum hafa góðfúslega veitt öðrum embættum aðstoð þegar eftir því hefur verið leitað. Þjálfarar eru farnir að sjá betur með hverju árinu hvernig fiklar eru farnir að fela efnin betur en áður og á það líka við um efni sem falin eru í bifreiðum. Á árinu 2010 fundu fíkniefnaleitarhundar lögreglunnar efni/umbúðir eða merktu lykt/fundarstað í 384 skipti.

Í kjölfar efnahagsþrenginga jókst kaupverð á hundum erlendis frá gríðarlega. Leita þurfti því annarra leiða til að endurnýja þá. Ýmsir möguleikar komu til greina en ein þeirra var að para saman hunda sem höfðu verið fluttir til landsins og pössuðu saman út frá ræktunarfræðilegum sjónarmiðum. Því verkefni var hrint í framkvæmd 2010 í góðu samstarfi við lögreglustjóran á Suðurnesjum sem lagði til leitarhund embættisins í verkefnið. Fenginn var karlhundur frá Tollgæslunni og skilaði pörunin átta hvolpum. Af þessum átta hvolpum stóðust a.m.k. fjórir þær kröfur sem gerðar eru til leitarhunda og má það teljast góður árangur. Yfirþjálfari hefur þegar hafið þjálfun á tveimur þeirra og er stefnt að því að grunnþjálfun á öllum fjórum verði lokið í ágúst 2011. Ef allt fer að óskum verða hundarnir tilbúnir til starfa hjá lögreglunni um áramótin 2011/2012.

Þetta verkefni mun spara lögreglunni fjármuni og þess má geta að erlend yfirvöld hafa óskað eftir kaupum á grunn- og fullþjálfuðum hundum frá Íslandi. Ekki er hægt að verða við þeirra beiðni þar sem verkefnið er nýhafið og nær rétt að mæta þeirri þörf sem er héraðs. Það er hins vegar ánægjulegt og ákveðin viðurkenning á gæðakerfi ríkislögreglustjóra að leitað hafi verið til hans erlendis frá um kaup á fíkniefnaleitarhundum.

Umferðarlöggæsla

Á árinu 2010 var niðurskurður á fjárveitingum fyrir sérstakt umferðareftirlit og sjálfvirkt hraðaeftirlit. Fjármagnið sem ráðstafað var til málaflokksins var 47 milljónir króna og skiptist þannig að 14 milljónir fóru í sjálfvirkt hraðaeftirlit en 33 milljónir í sérstakt umferðareftirlit. Skipulagning á verkefninu var í samræmi við umferðaröryggisáætlun sem er hluti af samgönguáætlun Alþingis. Ekki var hægt að halda úti skipulögðu ölvunareftirliti á aðventunni 2010 eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Hraðæftirliti var haldið úti sumarið 2010. Í því var sérstaklega horft til hraðaksturs en jafnframt voru gerðar athugasemdir við önnur umferðarlagabrot sem uppgötvuðust í eftirlitinu. Alls voru brotin 3.007, þar af 2.115 vegna hraðaksturs. Ljósanotkun var ábótavant 432 tilvikum og önnur brot voru 227. Alls tóku 12 lögregluembætti af 15 þátt í eftirlitinu.

Stafrænar hraðamyndavélar

Skráð voru 22.322 hraðakstursbrot með stafrænum hraðamyndavélum á árinu 2010, sem er nokkuð svipaður fjöldi og árið á undan, en þá voru brotin 23.134. Þetta nemur 3,5% fækkun frá árinu áður. Að meðaltali voru hraðakstursbrot 61 á dag allt árið. Tíu stafrænar hraðamyndavélar voru í notkun en fyrstu vélarnar voru settar upp í júlí 2007 og hafa því verið virkar í 3½ ár. Fyrirhugað er að fjölga hraðamyndavélum en þær eru staðsettar víða um land en þó eru flestar á suðvesturhorninu. Flest brotin voru skráð á Suðurlandsvegi, í Hvalfjarðargöngum og í Hvalfjarðarsveit. Brotin voru töluvert færri í Fáskrúðsfjarðargöngum og á Suðurnesjum. Flest brotin voru yfir sumarmánuðina og sá ökumaður sem ók hraðast samkvæmt skráningu hraðamyndavélar var á 199 km hraða á Suðurlandsvegi þar sem hámarkshraði er 90 km/klst.

Um 79% sekta voru greiddar fljótlega eftir að brotið var skráð en um 10% innheimtast ekki þar sem þær sektir voru vegna ökumanna bílaleigubíla sem búsettir eru erlendis.

Efnahagsbrotadeild og peningaþvættisskrifstofa

Við stofnun embættis sérstaks saksóknara fyrri hluta árs 2009 færðust þangað reyndir starfsmenn frá efnahagsbrotadeild og svo var einnig á árinu 2010. Á sama tíma fjölgaði málum í deildinni. Ríkislögreglustjóri brást við þessum aðstæðum með því að endurskipuleggja starfsemi og verklag deildarinnar. Lögð var rík áhersla á að fullmanna hana en þar eru nú 17 starfsmenn: fjórir lögfræðingar, níu lögreglumenn og fjórir viðskiptamenntaðir starfsmenn með reynslu úr viðskiptalífni. Engar fjárveitingar fengust til að fjölga starfsmönnum og var kostnaði vegna þessara breytinga mætt með frekari samdrætti í öðrum rekstri embættis ríkislögreglustjóra og með tilfærslum starfsmanna milli deilda. Nýja starfsmenn þurfti að þjálfra jafnframt því að tekist var á við uppsafnaðan málahala.

Verkefni efnahagsbrotadeildar

Með samstilltu átaki starfsmanna og dugnaði hefur deildin nú náð miklum árangri við að ljúka málum. Um áramótin 2009-2010 voru 133 mál í rannsókn hjá efnahagsbrotadeild. Á árinu 2010 voru málin flest 139 og var rík áhersla lögð á að ljúka málum innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í málsmeðferðarreglum ríkissaksóknara. Í lok síðasta árs voru 57 mál til meðferðar í deildinni. Ákærum hjá

efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur fjölgað verulega á milli ára eða úr 21 ákæru á árinu 2007 í 62 ákæru á árinu 2010. Á árinu 2008 voru gefnar út 42 ákæru og 47 á árinu 2009. Á þessum fjórum árum voru útgefnar ákæru 172 talsins. Ljóst er að auka verður verulega við mannskap í efnahagsbrotadeild eða gera þar aðrar ráðstafanir vegna umfangsmikilla mála sem nú eru til rannsóknar í deildinni og mun þeim auk þess fjölga á næstunni. Innanríkisráðherra var gerð grein fyrir þessari stöðu í desember sl. Var ráðherra m.a. bent á að stofnanir sem vísa málum til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild hafi verið styrktar verulega með auknum fjárheimildum sem valdi auknum kærufjölda til efnahagsbrotadeildar en á sama tíma hafi fjárveitingar til ríkislögreglustjóra verið skornar verulega niður.



Leiðbeiningar og reglur

Ríkislögreglustjóri gaf út þrennar verklagsreglur árið 2010 og komu ýmsir starfsmenn lögreglunnar að gerð þeirra.

Tafla 9. Útgefnar reglur ríkislögreglustjóra árið 2010

Nr. reglna	Heiti
1/2010	Leiðbeiningar um meðferð og staðfestingu skipurits (apríl)
	Viðbúnaðarskipulag ríkislögreglustjóra (mars)
	Upplýsingar um leiðbeiningar um verklag lögreglu í mansalsmálum (ágúst)

